

Fundargerð 30. nóvember 2004
12. fundur á árinu
7. fundur FFGÍR skólárið 2004-2005
Staður: Myllubakkaskóli

Mættir: Sóley formaður. **Heiðarskóli:** Gísli, Viktor (kom kl.18:00), Víðir.
Holtaskóli: Berglind, Ásdís Ýr, **Myllubakkaskóli:** Hrafnhildur, Álfhildur.
Ingibjörg verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

1. mál: Fundur Fræðsluráðs

Sóley segir frá fundi Fræðsluráðs 29.nóv. um skólastarf eftir verkfall. Myndaður var vinnuhópur sem á að skila tillögum um miðjan desember. Á þeim fundi voru ræddar nokkrar viðmiðanir notast skal, s.s. endurskoða námsefni samræmdu prófa 10.bekkjar, aukið samstarf við foreldra þ.m.t. rætt verkefni síðasta árs í Holtaskóla, hámarksnýtingu til beinnar kennslu og nýtingu núverandi aðstoðartíma á efsta stigi, einstaklingsmiðað nám skoðað í 1.-7.bekk o.fl.

2. mál: Ráðstefna í Danmörku

Sóley fór á ráðstefnu í Danmörku í lok nóv. “Foreldrar sem auðlind” og greindi frá áhugaverðum málum er þar voru rædd. Þ.á.m. voru hinir íslensku foreldrasamningar kynntir. Efni sem hún hefur/hægt að nálgast verður gert aðgengilegt á heimasíðu FFGÍR þegar fram í sækir.

3. mál: Lög FFGÍR

Nýir stjórnarmeðlimir og aðrir hafa ekki haft tækifæri til að kynna sér efnið. Ingibjörg sendir drög til allra, gefur ákveðinn tímafrest og athugasemdir og atkvæðagreiðsla fer fram í gegnum tölvupóst. Ingibjörg sækir um í framhaldinu um kennitölu til Ríkisskattstjóra.

4. mál: Dagskrá skólaársins

-Umræður um að desember yrði rólegur í foreldrastarfi nema helst jólaföndri, en yrði hjá stjórnunum/ráðum til að skipuleggja starfið það sem eftir er af skólaárinu, svo hægt sé að byrja af fullum krafti í janúar Þ.m.t. að uppfæra handbækur og setja niður markmið og leiðir. Stjórnir bjóði Ingibjörgu á fundi ef vilja, Ingibjörg fer af stað í skóla og kynnir FFGÍR, með uppfærðar handbækur og heimasíðu samtakanna innan skóla helst í byrjun janúar.

-Ræddar hugmyndir um vorfyrirlestra, allir leggja hausinn í bleyti og koma með hugmyndir. Spurning að hægt sé að gera e.k. áhugasviðskönnun meðal foreldra, t.d. í Heiðarskóla eftir foreldraviðtal þegar foreldrar fylla út spurningalista, koma inn einni spurningu um þetta efni þar inn. Fá púlsinn hjá foreldrum, hvar áhuginn liggur.

-Ingibjörg fylgir eftir við fræðslustjóra að fá fyrirlestur/kynningu Rannsóknar og greiningar fyrir foreldra á rannsókn frá 2003 á högum og líðan ungs fólks í Reykjanesbæ, 9. og 10.bekk, eftir áramótin.

-Foreldrasamningar: Samþykkt að leggja fyrir stigskipta foreldrasamninga í skólum, reynt yrði að fá verktaka (t.d. Agnes í foreldrafélagi Njarðvíkur) til að koma því í gegn í samstarfi við bekkjarfulltrúa. Ingibjörg fylgir eftir við Agnesi.

-Ingibjörg fylgir eftir við Helgu Margréti hvernig var staðið að því að koma á samstarfsverkefni í Holtaskóla sl. ár, og miðlar því áfram til hinna félaganna.

5. mál:

- a. Einar fjarverandi, ekki rætt nánar
- b. Ingibjörg greinir frá samskiptum við Jóhannes hjá lögreglu, að stefnt sé að verkefni fari af stað í desember.

6. mál: Vinnulag/samskipti FFGÍR og félaga/ráða

Formenn félaga/ráða beðnir að útbúa póstlista með bekkjarfulltrúm, deildarstjórum, forvarnarfulltrúm, skólastjórum o.fl. sem þeir áframsenda á þegar upplýsingar berast frá FFGÍR, t.d. í gegnum Heimili og skóla og annað, sem varðar skólana. Þannig að boðskipti séu skýr og gangi hratt og örugglega.

7. mál: önnur mál

- a. Víðir tekur við beiðni um styrk til Hitaveitu Suðurnesja frá Ingibjörgu
- b. Kynntur er fyrirlestur um heimilisofbeldi í Fjörheimum 8.des.
- c. Minnt er á aðalfund FFN um kvöldið, Ingibjörg mætir.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 19:00

Næsti fundur þriðjudaginn 4.janúar, Myllubakkaskóla kl. 17:15